

Ed.

285. Frumvarp til laga

[140. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febr. 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

1. gr.

259. gr. laganna orðist svo:

Hver, sem heimildarlaust notar bifreið annars manns, flugfar, skip eða önnur vélknúin farartæki, skal sæta varðhaldi, fangelsi allt að 4 árum eða sektum, ef brot er smávægilegt eða sérstakar málsbætur eru.

Ef maður notar ella hlut annars manns heimildarlaust og veldur honum með því tjóni eða verulegum óþægindum, þá varðar það sektum eða varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Hver, sem aftrar öðrum manni að neyta réttar síns til umráða yfir hlut, sem hann hefur í vörzlum sínum, eða til þess að halda honum, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum.

Mál út af brotum, sem í 2. og 3. mgr. getur, skal því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem hefur með höndum endurskoðun hegningarlaganna.

Heimildarlaus taka og notkun á bifreiðum og bifhjólum hefur farið mjög í vöxt á síðustu árum. Brot þessi eru mjög alvarlegs eðlis, því að bæði er eigendunum oft bakað stórfellt tjón með óheimilli notkun farartækjanna og spjöllum, sem á þeim verða, og auk þess er öðrum verðmætum oft spillt eða stofnað í hættu með gálauslegum akstri manna þeirra, sem brotin fremja, og umferðaröryggi raskað. Venjulegast hafa þeir, sem sekir gerast um brot þessi, ekki í huga að kasta eign sinni á farartækin, og teljast brotin þá ekki til þjófnaðar samkvæmt 244. gr. hegningarlaganna, heldur til nytjastuldar samkvæmt 259. gr. Nú er svo ákveðið í 259. gr., að opinbert mál út af nytjastuldi skuli því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við. Þetta ákvæði verður að teljast óheppilegt, þegar um svo mikilvæg brot er að ræða sem nytjastuld á bifreiðum, skipum, flugförum eða öðrum vélknúnum farartækjum, enda verða brotin, eins og áður segir, fleiri en eigendur farartækjanna. Með frumvarpi þessu er lagt til, að saksókn út af slíkum brotum verði ekki háð kröfu af hendi þess, sem misgert er við, og að refsing verði þyngri en þegar um venjulegan nytjastuld er að ræða. Hins vegar eru ákvæði núgildandi 259. gr. látin haldast óbreytt um annan nytjastuld og brot það, sem nú eru fyrir-mæli um í 2. mgr. 259. gr., sbr. 2.—4. mgr. frumvarpsins.